

Mánudaginn 8. febrúar 1937.

Nr. 77/1936. **Eggert Claessen f. h. H/F „Titan“**

(Eggert Claessen)

gegn

Bæjargjaldkera Reykjavíkur f. h.

bæjarsjóðs

(Garðar Þorsteinsson).

Um útsvarsskyldu hlutafélags.

Úrskurður fúgetaréttar Reykjavíkur 7. apríl 1936: Hin umbeðna lögtaksgjörð skal ná fram að ganga á ábyrgð gjörðarbeiðanda.

Dómur hæstaréttar.

Við niðurjöfnun útsvara í Reykjavík 1934 var áfrýjanda, h/f. „Titan“, gert að greiða 660 króna útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur. Áfrýjandi greiddi ekki gjald þetta, og krafðist bæjargjaldkeri Reykjavíkur því þess, að útsvarið væri tekið lögtaki. Með úrskurði fúgetaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 7. apríl f. á., var kveðið á um, að hin umbeðna lögtaksgjörð skyldi fram fara. Úrskurði þessum hefur téð hlutafélag áfrýjað til hæstaréttar með stefnu dags. 5. júní f. á. og krafizt þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, mótmælin gegn lögtakinu tekin til greina og stefndi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi, bæjargjaldkerinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, hefur hinsvegar krafizt staðfestingar á fúgetaréttarúrskurðinum og málskostnaðar í hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, var h.f. „Titan“ stofnað 1912. Hinar upphaflegu samþykktir félagsins hafa ekki verið lagðar fram í

málinu, en samkvæmt samþykktum þess, eins og frá þeim var gengið árið 1916, var tilgangur félagsins að afla tekna með því m. a. að starfrækja, leigja eða selja eignir þess á Íslandi svo og að reisa þau mannvirki, er til starfrækslunnar þættu nauðsynleg. Starfsemi félagsins var upphaflega beint að því að virkja fossa hér á landi og nytfæra sér vatnsaflið með verksmiðjuíðnaði. Í þessu skyni keypti félagið vatnsaflið í Þjórsá auk jarðanna Þjótanda, Skálmholts og Skálmholtshrauns í Villingaholtshreppi. Ennfremur keypti félagið landsvæði í Skildinganesi við Skerjafjörð og átti að reisa þar verksmiðjur og leiða þangað aflið með rafmagnstaugum frá aflstöðvunum. Úr fyrirætlunum félagsins um virkjun fossa varð samt ekkert, en starfsemi félagsins, sem enn hefur ekki verið slitið, er talin aðallega hafa verið í því fólgin að selja eignir þess smám saman eftir því sem hentugt hefur þótt. M. a. hafa verið seldar jarðirnar Skálmholt og Skálmholtshraun svo og landsvæði í Skildinganesi. Fjármagn það, sem félagið hefur haft til umráða, er talið að hafa verið aðallega norskt. Heimili félagsins og varnarþing hefur verið samkvæmt samþykktum þess á Íslandi og þar hefur meiri hluti stjórnarinnar verið búsettur. Á árunum 1917—1934 hefur Reykjavík verið talin heimili félagsins í samþykktum þess. Í samræmi við þetta hefur starfsemi félagsins verið rekin frá Reykjavík, að svo miklu leyti sem hún hefur farið fram hér á landi, og þar hefur meiri hluti hinna innlendu fyrirsvarsmanna þess búið. Þrátt fyrir að téð félag hefur, eins og að framan er lýst, verið starfandi hér á landi í mörg ár og er það enn, hefur það ekki verið tilkynnt til skrásetningar á heimili

sínu eða bækistöð samkvæmt ákvæðum 59. gr. laga nr. 77 frá 1921 um hlutafélög. Svo sem í hinum áfrýjaða úrskurði segir, hefur af hálfu áfrýjanda, h.f. „Titan“, verið andmælt skyldu þess til að greiða útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur á þeim grundvelli, að félag þetta eigi ekki lengur heimili í Reykjavík, heldur á Þjótanda í Árnessýslu. Þessu til stuðnings er bent á, að ákvörðun um flutning á heimilisfangi félagsins hafi verið tekin á hluthafafundi í Oslo 23. marz 1934, að samþykktum félagsins hafi á hluthafafundinum verið breytt til samræmis við ákvörðun þessa og loks að tilkynning um þennan flutning hafi hinn 26. s. m. verið send lögreglustjóranum í Reykjavík og sýslumanninum í Árnessýslu. Úrlausnarefni máls þessa verður samkvæmt þessu að rannsaka, hvort ákvörðun hluthafafundarins hafi raunverulega komið til framkvæmdar. Í 14. gr. hlutafélagalaganna segir, að ef hlutafélag flytjist úr einu lögsagnarumdæmi í annað, þá skuli það skrásett í lögsagnarumdæmi því, sem það flytzt í. Nú hefur h.f. „Titan“ ekki verið skrásett í Árnessýslu, og verða þessvegna ekki mótmæli þess gegn útsvarsgreiðslu í Reykjavík studd við slíka skrásetningu, en tilkynning sú, sem send var sýslumanninum í Árnessýslu hinn 26. marz 1934 um flutning félagsins í það lögsagnarumdæmi verður hvorki á neinn hátt talin áþekk skrásetningu né heldur talin geta, ein út af fyrir sig, skipt máli, þegar meta skal, hvar félagið sé útsvarsskylt. Þegar þessa er gætt, þá þykir mega fallast á þann skilning fógetans, að félagi þessu beri að greiða útsvar það, sem á það var lagt í Reykjavík 1934. Samkvæmt þessu verður að staðfesta hinn áfrýjaða fógetaréttarúrskurð.

Eftir þessum málalokum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, sem ákveðst kr. 200.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða fógætaréttarúrskurði skal óraskað.

Áfrýjandi, h.f. „Titan“, greiði stefnda, bæjargjaldkera Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs, kr. 200.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

H.f. Titan var gert að greiða útsvar til Reykjavíkur fyrir árið 1934, kr. 660.00 auk dráttarvaxta, en með því að félagið hefir ekki fengið til að greiða útsvarið, þá hefir bæjargjaldkerinn krafist þess, að það verði innheimt með lögtaki, en gjörðarþoli hefir neitað framgangi gjörðarinnar og hafa aðilar því lagt ágreininginn undir úrskurð fógætaréttarins.

Gjörðarþoli heldur því fram, að hann sé eigi útsvarsskyldur í Reykjavík vegna þess, að á hluthafafundi félagsins, sem var haldinn í Oslo þann 23. marz 1934, hafi samþykktum félagsins verið breytt þannig, að nú skyldi það ekki lengur eiga lögheimili í Reykjavík, heldur að Þjótanda í Árnessýslu, og hafi þessi ákvörðun verið tilkynnt sýslumanninum í Árnessýslu og lögreglustjóránunum í Reykjavík, 26. s. m.

Gjörðarbeiðandi heldur því aftur á móti fram, að gjörðarþoli eigi lögheimili í Reykjavík eins og fyrst var ákveðið í samþykktum þess.

Samþykkt félagsfundarins frá 24. marz 1934 skiptir hér engu máli, enda hafi þeirri samþykkt aldrei verið fullnægt.

Þá skýrði gjörðarbeiðandi frá því, að lögreglustjóraskrifstofan í Reykjavík upplýsi, að félagið sé eigi skrá-

sett firma hér í bæ samkvæmt L. nr. 77 frá 1921 um hlutafélög og samkvæmt því eigi gjörðarþoli hvergi lögheimili hér á landi, en falli undir B-lið 6. gr. útsvarslaganna nr. 46 frá 1926, hvað útsvarsskylduna snertir.

Í málinu liggja ekki fyrir nein gögn, er sýni það, að hér sé um útlent félag að ræða, hinsvegar verður að telja það fyllilega sannað, að félagið sé íslenskt og hafi frá upphafi átt heimilis- og varnarþing í Reykjavík, enda hefir áður verið lagt á það útsvar hér sem heimilisfast félag. Umboðsmaður þess hefir ennfremur gefið skýringu á því, hversvegna félagið hefir aldrei verið skrásett hér, en á það hafa ekki verið bornar brögður, að félagið væri útsvarsskylt.

Félagið telur sig vera hlutafélag og er enn starfandi að vissu leyti. Ákvörðun félagsfundar um að flytja heimilisfang þess getur ekki ein út af fyrir sig talizt nægileg til þess, að litið verði svo á, að flutningurinn hafi farið fram. En um þetta liggur ekkert annað fyrir en áðurnefndar tilkynningar, sem lagðar hafa verið fram í afriti, og engin sönnun liggur einu sinni fyrir um það, að sýslumaðurinn í Árnessýslu hafi fengið umrædda tilkynningu, og gegn mótmælum gjörðarbeiðanda verður það að teljast ósannað, að ráðgerð breyting á heimilisfangi gjörðarþola hafi nokkurntíma komizt í framkvæmd.

Hin framkomnu mótmæli gjörðarþola geta því ekki orðið tekin til greina.

Mánudaginn 8. febrúar 1937.

Nr. 162/1936. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Hallgrími Guðmundssyni

(Einar B. Guðmundsson).

Maður dæmdur fyrir sölu áfengis.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 16. sept. 1936: Kærður, Hallgrímur Guðmundsson, sæti 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði 1000 króna sekt til